

Sagan um þann sem hannaði og framleiddi MP Pedersen sendi og viðtæki sem voru algeng í íslenskum skipum:

Martin Peter Pedersen var fæddur 1887 og dó 1979.

Martin lauk prófi sem verkfræðingur 1912 og fór þá fljótlega í samstarf við Otto Skovmand. Þeir hófu framleiðslu á útvarpstækjum saman undir nafninu "Skovmand & Pedersen". Otto lést 1919 og Martin yfirtók reksturinn og breytti nafninu í "MP Pedersen".

Ásamt framleiðslu viðtæki hannaði hann senda, en lenti í kasti við Danska radioeftirlitið, Danska ríkið hafði einkarétt á meðhöndlun senda eftir stríðsárin. Fljótlega fékk hann þó frið með sína framleiðslu.

Í flestum millilandaskipum og togurum íslendinga eftir 1925 og flest öllum nýsköpunartogurunum svokölluðum voru sendar og viðtæki frá MP Pedersen.

Sendirinn sem er í "loftskeytaklefanum" hér á Skógasafni viktur c.a. 300 kg.

Í dag, (2020) eru samskonar tæki ekki nema kannski 10 kg og spanna yfir miklu meira tíðnisvið ásamt að nota bara brot af þeirri orku sem þessir gömlu tæki gerðu.

Í þessum sendi er tvöfaldur útgangur, keyrður á 400 volta plötuspennu. Síðar var þessari gerð breytt með hærri plötuspennu, 600 volt fyrir CW (morse) á 500 kHz. 300w fyrir AM mótað talsendingar á 1.5 - 3 mHz ásamt 100w sendistyrk á 3 til 20 mHz. Lítið finnst af upplýsingum um þessi tæki á netinu.

Mínar heimildir koma frá gömlum loftskeytamönnum, tæknimönnum P&S ásamt nokkrum radioáhugamönnum.

Hér er stutt tæknilýsing sem fannst yfir þennan sendi:

Tegund, MP Pedersen. Gerðin er: A137 stendur fyrir 400w á 500 kHz CW, ómótuð burðabylgja. Viðtækin þurftu því að vera með CW ton Osc.

A153-20 stendur fyrir 250w AM móaðan talsendi á 1.5 til 3,0 mHz. Það er því ástæðan fyrir tvöfaldri tankrás. Þetta eru því tveir sendar inn á sama loftnetsútgang.

Skiptarinn framan á sendinum er þannig að ekki er hægt að nota báða útganga í einu.

Sig. Harðarson rafeindavirki.